



Byggðaðróunarfulltrúi í Uppsveitum Árnessýslu

Sveitarfélögin Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur í samstarfi við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga auglýsa laust til umsóknar starf byggðaðróunarfulltrúa.

Byggðaðróunarfulltrúi veitir ráðgjöf og handleiðslu á sviði atvinnu- og byggðaðróunar, vinnur að upplýsingaöflun, miðlun upplýsinga og svæðisbundnum verkefnum á sviði byggðaðróunar, auk þess kemur hann að ferðatengdum málum og fjölmenningu.

Byggðaðróunarfulltrúi sinnir verkefnum í samráði við sveitarfélögin fjögur og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS). Einnig starfar fulltrúinn með samstarfshópi samtakanna og öðrum byggðaðróunarfulltrúum á Suðurlandi.

Um tímabundna ráðningu er að ræða til ársloka 2027 og starfshlutfall allt að 100%. Viðkomandi hefur aðalstarfsstöð á skrifstofum Bláskógabyggðar í Aratungu, Reykholti, en hefur einnig fasta viðveru á skrifstofum hinna sveitarfélaganna þriggja. Næsti yfirmaður er sveitarstjóri Bláskógabyggðar.

Hlutverk byggðaðróunarfulltrúa

- Veita ráðgjöf og handleiðslu á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningarmála með sérstaka áherslu á umsækjendur og styrkþega Uppbyggingarsjóðs Suðurlands
- Aðkoma að fræðslu og þjálfun fyrir frumkvöðla
- Vinna við söfnun og greiningu upplýsinga á sviði atvinnu- og byggðamála
- Vinna að upplýsingamiðlun um stöðkerfi atvinnuþróunar, nýsköpunar, menningar og byggðamála
- Hvetja hagaðila innan svæðis til verkefnaþróunar og þátttöku í samstarfsverkefnum
- Styðja við stefnumörkun sveitarfélaganna á sviði byggðamála og framfylgir einstökum aðgerðum
- Vinna að og þróa svæðisbundin verkefni að eigin frumkvæði og í samstarfi við hagaðila
- Vinna að innleiðingu og eftirfylgni sameiginlegrar atvinnustefnu sveitarfélaganna

- Vinna að ferðatengdum málum, m.a. ráðgjöf og upplýsingamiðlun og þátttaka í faghópi sveitarfélaga á Suðurlandi og Markaðsstofu Suðurlands
- Aðkoma að fjölmenningsmálum, þ.m.t. gerð móttökuáætlunar
- Viðkomandi vinnur í samstarfi við oddvita og sveitarstjóra sveitarfélaganna fjögurra

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun og/eða ráðgjöf æskileg
- Góð færni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Góð tölvufærni og hæfni í tjáningu í ræðu og riti (á íslensku)
- Frumkvæði í starfi og samstarfsfús
- Hæfni í að tileinka sér nýja þekkingu og miðla henni áfram
- Þekking á nærsamfélaginu og áhugi á að efla sitt tengslanet

Æskilegt er að viðkomandi hafi fasta búsetu í Árnessýslu og geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 11. september 2025. Umsókn skal skilað stafrænt á Alfreð (www.alfred.is) og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veita Ásta Stefánsdóttir (asta@blaskogabyggd.is) 480-3000 og Ingunn Jónsdóttir (ingunn@sass.is) 480-8200.